

Ed.

744. Nefndarálit

[341. mál]

um frv. til l. um gildistöku laga um staðgreiðslu opinberra gjalda.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur athugað málið á fundum sínum samhliða frumvarpi til laga um staðgreiðslu opinberra gjalda og frumvarpi til laga um tekjuskatt og eignarskatt. Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hl. nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem fluttar eru tillögur um á sérstöku þingskjali.

Til viðræðna við nefndina komu m.a. fulltrúar frá fjármálaráðuneyti, ríkisskattstjóra, Alþýðusambandi Íslands, Vinnuveitendasambandi Íslands, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Bandalagi háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands og Félagi áhugamanna um úrbætur í húsnæðismálum.

Breytingartillögur þær sem meiri hl. leggur til varða ekki efnisatriði frumvarpsins heldur eru þær fluttar til að lagfæra mistök sem urðu við endanlegan frágang frumvarpsins.

Meiri hl. vísar að öðru leyti til nefndarálits meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar um frumvarp til laga um tekjuskatt og eignarskatt.

Meiri hl. leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingartillögum sem fluttar eru á sérstöku þingskjali. Minni hl. mun skila séráliti.

Alþingi, 4. mars 1987.

Ey. Kon. Jónsson,
form., frsm.

Egill Jónsson.

Jón Kristjánsson.

Valdimar Indriðason.